

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Hellu, Rángárvallahreppi 1977–1997.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Rángárvallahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 18. ágúst 1993 staðfest breytingar, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á aðalskipulagi Hellu, Rángárvallahreppi 1977–1997, sem staðfest var 2. janúar 1980.

Breytingarnar eru fólgnar í því að

- Landnotkun norðarlega á Gaddastaðafötum breytist úr óbyggðu svæði í tjaldstæði,
- Landnotkun austan skeiðvallar breytist úr opnu óbyggðu svæði í hesthúsabyggð,
- Landnotkun við Rangá sunnan iðnaðarsvæðis breytist úr opnu óbyggðu svæði í þjónustusvæði fyrir smáhúshótel.

Hreppsnefnd Rángárvallahrepps tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfissráðuneytið, 26. ágúst 1993.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Hrafn Hallgrímsson.*

Nr. 367

26. ágúst 1993

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Hellu, Rángárvallahreppi 1977–1997.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 26. ágúst 1993 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hellu, Rángárvallahreppi, 1977–1997, sem staðfest var 2. janúar 1980.

Breytingin er fólgin í því að landnotkun á spildu við Freyvang breytist úr svæði fyrir opinbera þjónustu í íbúðarhúsalóðir.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki skipulagsstjórnar ríkisins og hreppsnefndar Rángárvallahrepps.

*Umhverfissráðuneytið, 26. ágúst 1993.*

**Össur Skarphéðinsson.**

*Magnús Jóhannesson.*

Nr. 368

26. ágúst 1993

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1988–2008, íþróttasvæði í Fossvogsdal.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 26. ágúst 1993 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1988–2008, sem staðfest var 23. apríl 1990.